



Rósa Guðbjartsdóttir
Bæjarstjóri Hafnarfjarðar
Ráðhús Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 31. ágúst 2018

Efni: Húsnæðismál Fimleikafélagsins Björk

Með bréfi þessu óskar Fimleikafélagið Björk eftir að teknað verði upp viðræður á milli aðila hið fyrsta til að leysa úr húsnæðisvanda félagsins.

Eins og bæjarstjóra er kunnugt um hefur mikill vöxtur verið hjá félaginu síðustu ár. Sérstaklega hefur iðkendur á aldrinum 2ja – 12 ára fjölgað og er félagið í dag með flesta iðkendur á þessum aldri samanborið við önnur félög í Hafnarfirði.

Nú er svo komið að um 300 börn eru á biðlista hjá Fimleikafélaginu Björk og hefur félagið ekki aðstöðu til að taka á móti öllum þeim fjölda barna sem vilja æfa hjá félaginu.

Til að mæta bráðavanda félagsins varðandi aðstöðu þá óskar félagið eftir því að fá mannvirki að Haukahrauni 1 til fullra afnota en í dag deilir félagið húsnæði með Dansíþróttafélagi Hafnarfjarðar (DÍH).

Það að Fimleikafélagið Björk fái mannvirki að Haukahrauni 1 til fullra afnota gerir félaginu kleift að fækka á biðlista, hagræði myndi skapast við skipulagningu á starfi félagsins m.a. með því að geta haft Andrasal uppsettan með dýnum og áhöldum allt árið um kring auk þess sem iðkendur hjá félaginu myndu dreifast betur um húsnæðið. Vert er að benda á að mikil hætta skapast varðandi öll öryggismál þegar ekki er hægt að dreifa iðkendur jafnar um íþróttamannvirkin.

Félagið vill einnig minna á að ekki er búið að klára það verkefni að skipta út lendingardýnum í aðalsal að Haukahrauni 1. Búið er að skipta út dýnum að 2/3 hluta í salnum og er það öryggismál að klárað verið að skipta út lendingardýnum en endingartími á eldri dýnum er löngu útrunninn.

Í dag stenst aðalsalur að Haukahrauni ekki kröfur Fimleikasambands Íslands (FSÍ) varðandi mótahald og hefur salurinn samkvæmt reglum FSÍ verið færður úr flokki A í flokk B, en salurinn er ekki nógu stór svo hægt sé að hafa löglegar atrenur fyrir tiltekin áhöld. Í gegnum árin hefur félagið haft nokkrar tekjur af mótahaldi sem munu dragast saman vegna þessa en mikilvægt er fyrir félagið að geta haldið í alla tekjustrauma.



Að endingu er minnt á erindi félagsins sem sent var bæjarstjórn Hafnarfjarðar 18. september 2017 varðandi framtíðaruppbyggingu á mannvirkjum fyrir félagið. Aðstöðuleysi félagsins mun hefta frekari uppbyggingu og framþróun og draga úr samkeppnisstöðu félagsins (og bæjarins) við önnur sambærileg félög en nágrannasveitarfélög hafa til að mynda á síðstu árum staðið myndarlega að uppbyggingu íþróttamannvirkja bæði hvað varðar áhaldafimleika og hópfimleika.

Virðingarfyllst,

Ásta Rut Jónasdóttir
Formaður aðalstjórnar

*Afrit:
Bæjarfulltrúar í Hafnarfirði
Geir Bjarnason, forvarnarfulltrúi*